



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 26. ágúst 2026
MSS26060100

Umsögn um 1. lið tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um endurskoðun bílastæðamála í Reykjavík

Á fundi umhverfis og skipulagsráðs, dags. 24. júní 2026 var lögð fram að svohljóðandi bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 16. júní 2026 um tillögu *borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins*, sbr. 34. liður fundargerðar umhverfis og skipulagsráðs, dags. 24. júní 2026.

Borgarstjórn samþykkir að fela umhverfis- og skipulagsráði að móta og afgreiða tillögur sem hafa það að markmiði að leysa úr fjölþættum áskorunum og vandamálum sem snúa að bílastæðamálum í Reykjavík. Leitast verði við að mæta þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið frá íbúum og atvinnurekendum í borginni. Með samþykktinni felur borgarstjórn umhverfis- og skipulagsráði að móta og afgreiða tillögur sem snúa meðal annars að eftirfarandi breytingum:

... 1. Gjaldskyldutími bílastæða í miðborg verði stytur í samráði við hagaðila og íbúa.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 24. júní 2026.

Umsögn:

Umhverfis- og skipulagssvið tekur jákvætt í tillögu um að endurskoða gjaldskyldutíma á svæðum í miðborg Reykjavíkur í samráði við hagaðila og íbúa. Tillaga um að stytta gjaldskyldu úr kl. 21:00 í kl. 20:00 á svæðum P1 og P2 er í samræmi við áherslur meirihlutans um að efla aðgengi að miðborginni og styrkja verslun, þjónustu og menningarlíf í borginni á kvöldin. Mikilvægt er að breytingin verði fyrsta skref í þeirri vinnu sem fram undan er og tengist heildarendurskoðun gjaldskyldukerfis borgarinnar, bættum rekstri og þjónustu bílahúsa og umfangsmikilli íbúa- og hagaðilakönnun um framtíðarþróun gjaldskyldu. Með styttingu gjaldskyldu um 7 klukkustundir á viku fækkar gjaldskyldustundum á P1 og P2 úr 82 í 75 á viku, sem samsvarar 8,5% styttingu.

Líklegt er að breytingin hafi áhrif á dreifingu eftirspurnar eftir stæðum á kvöldin. Ökumenn eru þá líklegri til að velja gjaldfrjáls stæði á P1 og P2 fremur en bílahús borgarinnar eða gjaldfrjáls stæði á P3 og utan gjaldskyldusvæðis, sem getur aukið álag á miðborgarsvæðinu. Aukið álag getur gert íbúum með íbúakort og öðrum þjónustuþegum erfiðara að finna stæði á kvöldin. Miðað við reynslu af sambærilegum aðstæðum má gera ráð fyrir að fjölgun stöðubrota verði á svæðum þar sem ásókn í stæði er mikil. Þegar eftirspurn er mikil og nýting stæða er nálægt 100% sýnir reynslan að ökumenn eru líklegri til þess að leggja ólöglega. Slík þróun getur haft neikvæð áhrif á umferðaröryggi, einkum á svæðum þar sem gangandi umferð er mikil og aðstæður viðkvæmar. Unnið er að



Reykjavík



aukinni þjónustu og markvissari upplýsingagjöf um bílahús borgarinnar, sem getur dregið úr þessum áhrifum með því að hvetja ökumenn til að nýta bílahúsin í auknu mæli.

Kostnaðaráætlun vegna tímabundinna merkinga byggir á raunkostnaði sambærilegra breytinga sem gerðar voru árið 2023, þegar gjaldskylda var lengd á P1- og P2-svæðum. Þar sem líklegt er að um tímabundna breytingu sé að ræða verður notast við að endurmerkja skiltin með límmiðum, og er áætlað að uppfæra þurfi um 200–250 skilti. Kostnaður vegna prentunar límmiða er áætlaður 4,0 m.kr. og uppsetning 2,0 m.kr. Forritunarkostnaður stöðumæla er áætlaður 0,5 m.kr. og byggir einnig á raunkostnaði síðustu kerfisbreytingar sem gerð var um síðustu áramót. Heildarkostnaður vegna merkinga og kerfisbreytinga er því áætlaður 6,5 m.kr.

Áætluð lækkun tekna á tímabilinu október til desember 2026 er 35 m.kr. Forsendur útreiknings byggja á tekjureiknivél Bílastæðasjóðs, þar sem meðaltekjur á klukkustund fyrir hvert gjaldsvæði eru reiknaðar. Miðað við áætlaða meðaltalsnýtingu um 60% myndi stytting gjaldskyldu á svæðinu um 1 klst. á dag skila um 24 m.kr. tekjulækkun á tímabilinu. Þar sem nýting á kvöldin á svæðinu er hins vegar að meðaltali yfir 90% er áætluð tekjulækkun 35 m.kr. Tekjulækkunin er ekki kostnaður heldur minnkun á áætluðum tekjum. Samanlagt eru áhrif breytingarinnar á rekstur áætluð 41,5 m.kr. á tímabilinu.

Að mati Umhverfis- og skipulagssviðs er rétt að styðja tillöguna, enda felur hún í sér hóflega og afmarkaða breytingu sem getur aukið aðgengi og líf í miðborginni, samræmist samþykkt borgarstjórnar og er fyrsta skref í átt að áðurnefndri heildarendurskoðun kerfisins. Jafnframt er mikilvægt að fylgjast markvisst með áhrifum breytingarinnar á nýtingu stæða, aðgengi íbúa og umferðaröryggi og tryggja að greining og íbúa- og hagaðilakönnun styðji við frekari ákvarðanir í heildarendurskoðun gjaldskyldukerfisins.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Matthías Bernhöj Daðason
Deildarstjóri Bílastæðasjóðs Reykjavíkur